



Fundargerð stjórnar

14. fundur

Fimmtudaginn 10. september 2008 var fundur haldinn í stjórn byggðasamlagsins á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hófst fundur kl 15.00. Á fundinn voru mættir stjórnarmennirnir: Gunnar Bragi Sveinsson og Magnús B. Jónsson.

Á fundinum voru eftirfarandi málefni tekin fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fyrir var tekin fundargerð /minnisblað vegna vinnufundar stjórnar 22. ágúst 2008. Fundargerðin var samþykkt.

2. Kostnaðaráætlun fyrir frumhönnun urðunarstaðar.

Fyrir fundinum lá kostnaðaráætlun fyrir frumhönnun og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda vegna urðunarstaðar við Sölvabakka. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að vinna við verkefnið muni taka 516 klst. og heildarkostnaður við verkið verði 5.896.300 kr. Meðfylgjandi kostnaðaráætluninni var verkáætlun fyrir verkefnið þar sem áætlaður tími í hvern verkþátt er skilgreindur. Verktími fyrir áætlana og skýrslugerð þar til álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir er 8 mánuðir eða til 28. maí 2009. Samþykkt að óska eftir að Línuhönnun framkvæmi verkið í samræmi við kostnaðaráætlun og var Gunnari Braga falið að ganga frá samningi/samkomulagi um framkvæmd þess.

3. Samningur um land

Fyrir fundinum lágu drög að leigusamningi við landeigendur vegna lands fyrir urðunarstað. Samþykkt að stjórnarmenn óski eftir fundi með landeigendum Sölvabakka til að ræða mögulegar samningsforsendur.

4. Skipulagsmál

Fyrir fundinum lá minnisblað sem Gunnar Svavarsson, Línuhönnun hafði sent til Stefáns Árnasonar, skipulags- og byggingarfulltrúa á Blönduósi þar sem óskað er eftir tekið verði tillit til fyrirhugaðra framkvæmda í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 16.00

Gunnar Bragi Sveinsson

Magnús B. Jónsson